

9. september 2013

## Niðurstaða athugunar á eftirliti með peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Arion banka hf.

Hinn 22. mars 2013 framkvæmdi Fjármálaeftirlitið vettvangsathugun hjá Arion banka hf. Athugunin beindist að tilteknum þáttum er varða eftirlit Arion banka hf. með aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. lög nr. 64/2006. Í athuguninni var lögð sérstök áhersla á áreiðanleikakannanir Arion banka hf. við upphaf viðskipta sem og viðvarandi eftirlit með lögaðilum.

Niðurstöður vettvangsathugunarinnar eru byggðar á gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina og stöðunni eins og hún var á þeim tíma sem athugunin fór fram. Í samræmi við 9. gr. a. laga nr. 87/1998 birtir Fjármálaeftirlitið hér með opinberlega samandregnar niðurstöður nefndrar athugunar.

Helstu niðurstöður úr þeim úrtökum sem Fjármálaeftirlitið skoðaði voru að gerð var athugasemd við framkvæmd áreiðanleikakönnunar á fjórum af þeim 15 lögaðilum sem athugun Fjármálaeftirlitsins tók til. Af þeim 11 lögaðilum sem Fjármálaeftirlitið gerði ekki athugasemdir við athuganir hjá, kom Fjármálaeftirlitið með ábendingu í tilviki þriggja.

Fjármálaeftirlitið kannaði einnig reglubundið eftirlit með þeim lögaðilum sem úttektin tók til. Af þeim 15 lögaðilum sem athugun Fjármálaeftirlitsins beindist að var gerð athugasemd við reglubundið eftirlit í fjórum tilvikum.

Þá lagði Fjármálaeftirlitið áherslu á að Arion banki setti það í forgang að ljúka könnun á áreiðanleika viðskiptavina í þeim tilvikum þar sem slíkri könnun er ekki lokið.

Á heildina litið uppfylltu aðgerðir Arion banka hf. þær kröfur sem almennt eru gerðar í lögum nr. 64/2006 um peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem og í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2011 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.